

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna miðsvæðis á Höfn (M1), Heppuvegur 5 og 6.

Skipulagsstofnun staðfesti 26. janúar 2022 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 14. október 2021.

Í breytingunni felst stækkun miðsvæðis á Höfn (M1) um 0,5 ha og minnkar athafnasvæði (AT1) sem því nemur. Um er að ræða Heppuveg 5 og hluta af Heppuvegi 6 og er gert ráð fyrir matvælaframleiðslu, veitingasölu, menningarstarfsemi og íbúðum á svæðinu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 26. janúar 2022.

F.h. forstjóra,

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 11. febrúar 2022